

41. Fundur í umhverfis- og skipulagsnefnd Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar mánudaginn 30. september 2013 og hófst kl 13:00

Mættir: Steinunn Leósdóttir formaður, Sóley Indriðadóttir, Kristján Úlfarsson, Josteinn Hermundsson, Ólafur Steinarsson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Hafnarsvæði Þórshafnar.

Ólafur afhenti fundarmönnum uppdrátt af hafnarsvæðis Þórshafnar. Ólafur fór í stórum dráttum yfir hvernig staðan er á lóðum á starfssvæði Ísfélagsins. Sveitarstjóri kynnti að sveitarfélagið er að fara í að vinna í því að koma þessum málum á hreint við Ísfélagið.

Umhverfis- og skipulagsnefnd er á móti því að húsið Sandur verði rífið. Samþykkt samhljóða.

Gamla sundlaugin á Þórshöfn er orðin ónýtt. Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir að það sem eftir stendur af sundlauginni megi rífa.

Samþykkt samhljóða.

Aðkoma niður á höfn er ekki góð. Tillaga að nýrri aðkomu kemur fram á uppdrættinum. Lagt fyrir umhverfis- og skipulagsnefnd til kynningar.

2. Borun eftir heitu vatni.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti borun við Toppfisk á Bakkafirði. Samþykkt samhljóða.

3. Framkvæmdir við Skoruvíkurbjarg

Ólafur lagði fram teikningar. Það sem gerðist í undirbúningsferlinu er að búið er að lengja útsýnispallinn um 4 metra frá því sem upphaflega var áætlað. Upphaflega var áætlað að steypa stigann en nú er búið að ákveða að smíða hann úr samsvarandi efni og pallinn.

Óskað er eftir samþykki umhverfis- og skipulagsnefnd fyrir þeim breytingum sem hafa verið gerðar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir þessar breytingar.

Samþykkt samhljóða.

4. Athafnarsvæðið í Stórholti.

Umhverfis- og skipulagsnefnd leggur til að athafnarsvæðið í Stórholti verði stækkað. Reiturinn við hliðina er íbúðarsvæði en er ólíklegt að nýtist sem slíkt í framtíðinni. Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjóra falið að koma þeirri skipulagsvinnu af stað.

5. Sorpurðunarsvæðið á Bakkafirði.

Sveitarstjóri lagði fyrir drög að samkomulagi við íbúasamtök Bakkafjarðar. Nefndin ræddi samkomulagið. Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir þetta samkomulag og leggur til að gengið verði frá því við íbúasamtök Bakkafjarðar.

6. Umsókn um stöðuleyfi fyrir hænsnakofa.

Umhverfi- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti stöðuleyfi fyrir hænsnakofa til á 31. desember 2015, fyrir neðan lóðina í Vesturvegi 11. Ekki er leyfilegt að halda hana í

kofanum. Eiganda er falið að fá samþykki allra nágretta vegna kofans og skila því undirrituð til Langanesbyggðar.

7. Timburúrgangur.

Sveitarstjóri á að kalla eftir svörum frá Íslenska Gámafélaginu um hvenær kurlari komi á svæði. Nauðsynlegt er að fara að koma þessu í farveg.

8. Önnur mál.

Spurt út í ferð umhverfis- og skipulagsnefndar um svæðið í vor. Vinna þarf úr þeim upplýsingum sem fyrst.

Verið er að fara að setja upp skilti upp úti á Langanesi á næstunni. Nauðsynlegt að þetta sé vel merkt.

Fleira ekki gert

Fundi slitið kl 14:20